




Reykjavík, 19. desember 2024
USK24090318

Ofanleiti 17– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa -USK24090318

Lögð fram fyrirspurn Einars Njálssonar, dags. 25. september 2024, um stækkun hússins á lóð nr. 17 við Ofanleiti sem felst í að byggja litla viðbyggingu á norðurhlíð hússins. Einnig eru lagðar fram ljósmýndir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.



Annað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Ofanleiti 17 borgarhluta 3 og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Ofanleiti 17 „*Skipulag nýr miðbær við Kringlumýrarbraut*“ samþykkt í borgarráði 13.maí 1986 ásamt síðari breytingum. Hverfisskipulag er í vinnslu.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 17 við Ofanleiti er fjölbýlishús og tilheyrir skipulagi um nýjan miðbæ í Kringlubæ síðan 1986.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa um viðbyggingu við íbúð á jarðhæð norðanmegin við húsið.

Spurt er hvort að koma megi fyrir auka anddyri við inngang íbúðarinnar. Þar gæti rúmast fatahengi og lítið baðherbergi. Fyrir er skyggni yfir innganginum.

Í gildandi deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir viðbyggingum eða auknu byggingarmagni við húsið í Ofanleiti 17.

Í komandi hverfisskipulagi fyrir hverfið er ekki gert ráð fyrir auknu byggingarmagni eða viðbyggingum af þessari gerð við þessa húsagerð í hverfishlutanum.

Einnig er bent á að samþykki allra meðlóðarhafa þyrfti að liggja fyrir fyrir slíkri framkvæmd.



Reykjavík



Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið. Samræmist ekki gildandi deiliskipulagi né komandi hverfisskipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík